

Á þessum merka hátíðisdegi væri vanvirðing gagnvart veruleikanum að fjalla ekki um tilgang veru okkar hérna, Bubba Morthens. Að stórum hluta til er T mótaður af Bubba og án hans væri veruleiki hans ekki sá sem hann er í dag. Ég sæti ekki hér ritandi þessi orð og þið sætuð ekki þarna, lesandi þau. Ég mun hlaupa úr einu í annað í þessari umfjöllun minni um BM. Þetta eru skoðanir, mótaðar af mínu lífi, minni reynslu, frá mínu hjarta. Álit og viðbrögð annarra á þeim skipta mig engu máli. Ég ríf upp brjósthol mitt og opinbera fyrir ykkur innihaldið. Að lestri loknum ættuð þið að spyrja ykkur: Hversvegna ég?

Við fæðumst fullkomin og við deyjum mis ófullkomin. Það sem gerist á leið frá vöggju til grafar ræður því hversu ófullkomin við skilum fæðingu er myndin okkar fullkomin. Hnökralaus, tær, skýr og afdráttarlaus. Um leið og við fáum vit og vilja til ákvarðana og framkvæmda verðum við minna og minna fullkomin og samhliða því byrjar að kvarnast úr myndinni okkar. Mishratt og mismikið. Hlutar hennar afmást, verða óskýrir og hverfa sumir alveg. Það er óhjákvæmilegt, sama hversu heiðarleg og gegnheil við erum. Ástæðan er sú að enginn er fullkominn. Á leiðinni gerum við líka ýmislegt til að bæta myndina. Við gerum jákvæða hluti, uppbyggjandi hluti, góða hluti. En sama hvað við gerum getum við aldrei haldið myndinni okkar upprunalegri. Við náum aldrei að fylla upp í þau sem við myndum. Stundum verður á vegi okkar eitthvað utanaðkomandi sem hjálpar okkur til við að bæta myndina. Það getur verið eitthvert fyrirbæri, upplifun, afhjúpun eða persóna. Bubbi er þetta allt og hann bætir myndina mína.

Um þessar mundir eru liðin 30 ár frá því að T uppgötvaði BM og áttaði sig þar með á ýmsum grunnatriðum sem varða þá athöfn og manneskja. Skýin hopuðu, mistrið leystist upp og það birti til. Á þessum árum hefur T farið á fleiri tónleika á fleiri stöðum en nokkur annar. Hann hefur hlustað meira á BM en nokkur annar. T gæti sett sig á háan hest og þulið upp langan lista staðreynda varðandi tengingu hans við BM. En það er ekki stíll T. BM er umdeildasti og umtalaðasti listamaður landsins. BM hefur bjargað mannlífum með tónlist sinni. Ég veit það af því að fólk hefur sagt mér það. BM hefur bjargað andlegri líðan og heilsu ótal manna kvenna með tónlist sinni. BM hefur fengið fólk til að gráta og hlæja með tónlist sinni, og allt þar á milli. Allir hafa skoðun á BM. BM er þjóðareign og það er ekki á færi nokkurs að bera þann þunga kross að vera BM.....nema BM sjálfur. Sumir mættu átta sig örlít betur á þeirri staðreynd, hysja uppum sig hrokabrækurnar og drullast til að sýna virðingu.

BM segir sögur sem enginn annar segir. Á þann hátt sem engum öðrum er fært. Sögur með boðskap. Sögur sem fylgja fólk allan daginn. Sögur sem stinga. Sögur sem særa. Sögur sem afhjúpa. Sögur sem gleðja og sögur sem lækna. BM er mannlegri en flestir og þar gerir hann ófullkominn í sinni takmörkuðu fullkomnun. Hann er litirnir í vorinu. Hann er birtan í sumrinu. Hann er drunginn í haustinu og hann er heiftin í vetrinum. Hann er ofsinn í náttúrunni og hann er óendanleikinn í himninum. Hann kemur, hann opnar, hann fer inn, hann framkvæmir fuðlaust, hann stígur út og hann fer. Skilur okkur eftir þrumu lostin, og hann fer ekki fram á neitt í staðinn. Hann er þinn, hann er minn, hann er okkar allra en hann er allra síst sinn eiginn. Hann gefur, hann gefur og hann gefur. Hann leitar og hann finnur. Hann sáir og hann uppsker. Hann er hiti og hann er kuldi. Hann vekur og hann svæfir. Hann strýkur og hann slær. Hann er sykur og hann er salt. Hann er basi og hann er sýra. Hann er mold og hann er grjót. Hann er eldur og hann er ís. Hann er nótt og hann er dagur. Hann er fjall og hann er fjörður. Hann er himinn og hann er haf. Hann er ljós og hann er myrkur. BM hefur þau áhrif að deyjandi eygja líf og lifendur eygja von. Hryggir gleðjast og glaðir hryggjast. Örlátir efast og nískir gefa. Harðir mildast og mildir herðast. Hann er fegurðin í ljótleikanum og hann er ljótleikinn í fegurðinni. Bubbi er allir litir heimsins.

Allir þarfnast vináttu. Engin manneskja þrífst án vináttu. Maður velur sér vini. Bubbi valdi mig og ég valdi Bubba. Við vorum leiddir saman af örlögum. Það er mín gæfa. Bubbi Morthens er fyrst og fremst vinur minn. Ef ég ætti að útskýra tengsl mín við Bubba væri það með þessu sterka orði "vinátta". Vinátta myndast fyrst og fremst með trausti og virðingu. Þessi tvö hugtök eru þau tengir okkur. Hann verður alltaf til staðar fyrir mig, jafnvel eftir að hann er farinn. Sömuleiðis getur hann alltaf treyst á mig. Alltaf! Þannig hefur það verið í 30 ár og þannig verður það allt til enda. Endinn. Kviði ég endinum....? Hvenar að honum kemur og hvernig hann ber að? Það er vissulega auðvelt að leifa klóm kvíðans að pota í hið óþekkta og ókomna. En nei, ég kvíði engu. Það er ósannngjarnt. Ég er fyrst og síðast auðmjúkur og fullur þakklætis og ég veit að það sama á við um Bubba. Vegna þess að þakklæti er alltaf og óhjákvæmilega í kjölfar vináttu. Þessi orð eru sterk. Þau eru sterk vegna þess að þau eru sönn. Það er ekki hægt annað sannleikann þrátt fyrir miskunnarleysi hans. Sannleikurinn er ómissandi. Sannleikurinn er límið í veruleikanum. Sannleikurinn er allstaðar. Án hans myndi allt molna. Sannleikurinn er Bubbi. Í mínum huga væri ekkert eins án Bubba. Sömuleiðis væri Bubbi ekkert án mín, án okkar, án fólksins. En hvort er mikilvægara hverju, Bubbi fólkinu eða fólkið Bubba? Þar ríkir algert jafnvægi. Þessvegna er þetta eins og það er. Fullkomið. Og það á ekki að vera neitt öðruvísi en fullkomið. Bubbi og fólkíð skapar fullkomið.

Ég á mér draum. Hann verður aldrei afhjúpaður, nema hann rætist.

Það áttar sig enginn á því hversu Bubbi er mér mikilvægur. Þannig verður það alltaf. Vegna þess að ég get ekki útskýrt það að þú hreinlega útskýranlegt. Eina sem ég get sagt er að Bubbi vekur hjá mér tilfinningu sem enginn annar getur vakið. Dýrmæta og óviðjafnanlega tilfinningu. Fyrir það virði ég hann takmarkalaust. Ég hef varið Bubba í 30 ár gegn ósanngjörnum árásum. Ég virði skoðanir allra um Bubba, en það þarf að vera innistæða fyrir þeim. Ef ekki, þá sýni ég tennurnar. Það vita allir hvað ég á við um skipti sem ég hitti Bubba verð ég óstyrkur, umfang þeirrar staðreyndara að ég er mennsk vera minnkar og ég finn til smæðar. Það er óhjákvæmilegt. Þannig á það að vera og þannig vil ég hafa það. Það er hluti af virðingunni. Í mínum huga er fjarlægð við það sannað dár nauðsynleg. Við aukna nánd dofna þjarminn. Þegar goðið þitt er orðið einn af strákunum er það fallið af stallinum. Almenn fjárfesting er mikilvæg þó svo stöku nánd í mjög litlum mæli sé ómetanleg.

Bubbi kom inní líf mitt með látum á tímabili óvissu og ójafnvægis. Það tímabil rétti lengi, lengi eftir að ég uppgötvaði Bubba. En þú

ríkt enn lengur án hans og það hefði verið enn erfiðara án hans. Það hefði jafnvel getað tortímt mér. Ég vissi það ekki þá, en ég v
núna. Ég veit það vegna þess að núna skil ég. Bubbi hjálpaði mér að skilja. Hjálpaði mér að opna á möguleika. Hjálpaði mér að
finna. Hjálpaði mér að njóta. Hjálpaði mér að lifa. Kenndi mér að það að öðlast líf er ekki sjálfgefið. Það er forréttindi sem ber að
meðhöndla af virðingu og nýta eins vel og kostur er. Gjaldið sem okkur er ætlað að greiða fyrir lífið, er að njóta þess og nýta á he
hátt. Annað er vanvirðing gagnvart þeirri gjöf sem lífið er. Lengi vel leitaði ég að tilgangi veru minnar hérna. Ófáir hafa lagt uppí þ
leit í góðri trú, en endað í fullkominni sturlun. Ég leitaði vandlega og ég leitaði víða. Og þegar ég var við það að gefa upp alla von
allir átakafundirnir sem ég hafði setið með sjálfum mér skiluðu engu, benti Bubbi mér á að svarið væri þar sem ég síst hefði
haldið....í kjarnanum. Í sjálfum mér! Þar leyndist það, innan um allan efan og alla togstreituna. Það kraumaði og djöflaðist eins o
tryllt dýr í búri sem þráir aðeins eitt. Frelsi! Það eitt að finna það leysti hnútinn á sál minni. Tilgangurinn er nefninlega maður
sjálfur. Ég er tilgangur og þú ert tilgangur. Allir skipta máli. Allir!

Eitt það mikilvægasta sem Bubbi kenndi mér er að þykja vænt um orð. Að kunna að meta orð. Að þekkja mátt orða. Hvernig maður
orð að sér, hlúir að þeim og fær svo að launum eitthvað einstakt. Allt er mögulegt með orðum. Ekkert er heilagt ef maður bara ka
nota réttu orðin á réttan hátt. Hann kenndi mér að sveigja, beygja og setja saman orð og búa til úr þeim myndir. Allskonar
myndir í allskonar litum. Myndir sem bjóða upp á endalaus möguleika. Ef maður kann á orð getur maður sagt hvað sem er. Orð
eru ómetanleg. Orð eru fjársjóður.

Ég hlusta á Bubba þegar mér líður vel. Ég hlusta á Bubba þegar mér líður illa. Ég hlusta á Bubba til að láta mér líða vel. Og ég
hlusta á Bubba til að láta mér líða illa. Ég hlusta á Bubba til að lifa. Og þegar þar að kemur mun ég hlusta á Bubba til að deyja.
Ég hlusta alltaf á Bubba, jafnvel þó ég heyri ekki í honum. Bubbi er í öllu, alstaðar. Bubbi er ég og ég er Bubbi.

Innilega til hamingju með daginn kæri Bubbi.

Kv T

=====

Re:060616

Skrifað af skyttan - 2016/06/06 10:32

Fallega mælt Mr. T.

Til hamingju með daginn BM.B)

=====

Re:060616

Skrifað af Jakkalakki - 2016/06/06 21:33

Vel mælt.

=====

Re:060616

Skrifað af Trausti - 2016/06/07 00:53

Takk fyrir félagar.

Þvílíkir tónleikar! Takk fyrir mig Bubbi og Palli.

=====

Re:060616

Skrifað af Jakkalakki - 2016/06/07 01:07

Trausti minn (og okkar allra), þú áttar þig vonandi á því og sýnir því skilning að það er krafist nánari skýrslu frá þér varðandi þetta
kvöld.

Re:060616

Skrifað af Ásbjörn - 2016/06/07 12:04

Takk fyrir hlý orð vinur

=====

Re:060616

Skrifað af Trausti - 2016/06/07 22:02

Jæja já er það? Ég hafði nú eiginlega ekki hugsað mér að skrifa um tónleika gærkvöldsins hérna enda hef ég nánast alveg lagt til hliðar þá iðju. En þegar góðir menn biðja góðra hluta er alltaf erfitt að skorast undan. Við skulum sjá til hvort ég dett í gírninn.

=====

Re:060616

Skrifað af Jakkalakki - 2016/06/08 22:09

Þú sérð bara hvort tími og rúm gefist til þess. Tónleikapistlarnir eru með skemmtilegustu skrifum sem maður kemst í og veit ég það eru fleiri tryggir Bubbafylgjendur um víða veröld sem eru á sama máli.

=====